

7. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná ekki til útilegubáta.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 500.00 til kr. 5000.00. Þriðja brot varðar missi réttinda til skipstjórnar í 6 mánuði. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 12. janúar 1945, um róðrartíma fiskibáta. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 20 13. febrúar 1953 um róðrartíma fiskibáta við Faxaflóa, svo og reglugerð nr. 6 17. febrúar 1956, um breytingu á þeirri reglugerð.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1963.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

AUGLÝSING

um verndun fiskimiða fyrir veiði með þorskanetjum.

1. gr.

Skipum með 10 manna áhöfn skal óheimilt að eiga fleiri net í sjó en 90. Sé áhöfn 11 menn, skulu net ekki vera fleiri en 105.

2. gr.

Frá upphafi vetrarvertíðar til 20. marz ár hvert, skal óheimilt að leggja þorskanet á svæði, sem takmarkast af eftirgreindum línum:

1. Að suðaustan af línu, sem hugsast dregin misvísandi suðvestur að vestri frá Reykjanesvita.
2. Að norðaustan af línu, sem hugsast dregin misvísandi norðvestur að norðri frá Reykjanesvita.
3. Að norðvestan af línu, sem hugsast dregin misvísandi vestur að suðri frá Garðskagavita.
4. Til hafs takmarkast svæðið sjálfkrafa af 12 mílna fiskveiðimörkunum.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 5. febrúar 1963.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.